

Árið 2002 þriðjudaginn 17. september kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 3. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Greifinn eignarhaldsfélag Glerárgötu 20 Akureyri sækir um leyfi til að byggja geymslu og anddyri við frístundahús á lóð nr. 19 í Höfðabyggð Fnjóskadal samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Opus teikni&verkfræðistofu verk nr. 010307.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. Leifur Jónsson sækir um leyfi til að byggja nýtanlegt ris ofaná íbúðarhúsið Hörg á Svalbarðseyri sem er einnar hæðar hús, sem nýlega hefur verið endurbyggt að mjög miklu leyti. Einnig er sótt um leyfi fyrir að byggja bílskúr við húsið. Meðfylgjandi eru teikningar frá Árna Gunnari Kristjánssyni af fyrirhuguðum framkvæmdum.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, en bendir á að ekki liggur fyrir nýr lóðarsamningur, en teikning sýnir að fyrirhugaðar byggingar rúmast ekki innan núgildandi lóðarmarka, einnig þarf að fara fram grenndarkynning og að lagfæra teikningar í samræmi við athugasemdir slökkviliðsstjóra.

Byggingarleyfi verður ekki gefið út fyrir en að uppfylltum ofangreindum atriðum.

3. Hannes Örn Blandon óskar eftir að byggingarnefnd skoði íbúðarhúsið að Syðra-Laugalandi m.t.t. viðhalds, en húsið mun vera í verulegri niðurníðslu aðallega hvað ytra útlit varðar. Búið var að skipta um hluta af gluggum fyrir allmörgum árum, en nú liggur fyrir að halda því verki áfram og gera jafnframt breytingar á þeim, ásamt öðrum endurbótum á húsinu fáist til þess fjárveiting.

Niðurstaða byggingarnefndar eftir vettvangskonunnun er að eðlilegt sé miðað við ytra ástands hússins að gerð verði áætlun um endurbætur, þar fylgi innri og ytri uppdráttur er sýni samræmingu á útliti glugga, svo og aðrar endurbætur og breytingar sem vinna skal. Þá er einnig nauðsynlegt að sett verði björgunarop í glugga þar sem þörf krefur og aðrar útgönguleiðir sýndar á teikningu með öryggi íbúa hússins í huga.

Byggingarnefnd mun taka málið fyrir að nýju þegar fyrir liggja hönnunargögn og áætlun um úrbætur á húsinu.

4. Erindi frá Hannesi Gunnlaugssyni. Hann sækir um leyfi fyrir byggingu legubásafjóss ásamt thilheyrandi aðstöðu á jörðinni Hofi II Arnarneshrepp samkvæm meðfylgjandi teikningu frá Magnúsi Sigsteinssyni verk nr.0804-10. Fyrir liggur samþykki frá skipulagsstofnun um staðsetningu á fjósinu, með ábendingu um grenndarkynningu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti með fyrirvara um að teikningar verði lagfærðar til samræmis við athugasemdir slökkviliðsstjóra og að grenndarkynning fari fram.

5. Ákveðið var v/erindis frá Hannesi Erni Blandon að fara og skoða íbúðarhúsið að Syðra-Laugalandi og jafnframt nokkra aðra staði hér handan Akureyrar.

Byrjað var að fara um byggingarsvæði í landi Brúarlands og Leifstaða, en þar er verið að byggja nokkur íbúðarhús á nýlega deiliskipulögðu landi og unnið hefur verið við gatnagerð og lagnir á svæðinu sem húsbyggjendur sjá sjálfir um. Þaðan var haldið að

Syðra-Laugalandi og íbúðahús skoðað utan og innan undir leiðsögn Hannesar. Að skoðun lokinni báru húsráðendur fram veitingar sem nefndarmenn gerðu góð skil og ræddu byggingarmál og ýmislegt fleira á meðan (sjá bókun að ofan). Næsti viðkomustaður var að Sólheimum 1 Svalbarðsströnd. Þar er danskur maður Peter Bork að byggja einbýlishús sem mikið hefur verið talað um síðan hann flutti á staðinn og byrjaði á framkvæmdum. Ýmislegt bar þar fyrir augu sem viðstöddum leyst misvel á. Ákveðið var að byggingarstjóri, hönnuður, byggingarfulltrúi og formaður byggingarnefndar kæmu saman á staðnum og færu yfir stöðu mála. Að lokum var farið og skoðað deiliskipulagt frístundahúsasvæði í landi Geldingsár, en þar eru komin nokkur ný sumarhús. En því miður hefur verið flutt og sett niður án leyfis á mörgum lóðum ýmsir skúrar og hjólhýsi og óskað hefur verið eftir að fá byggingarnefnd til að samþykkja gömul og hálfónýtt hús sem frístundahús. Komin er upp umræða í byggingarnefndinni um að hafa svokallaðan hreinsunardag einu sinni á ári. Ráðinn verði öflugur verktaki sem er vel tækjum búinn og mannvirki fjarlægð sem ólögleg eru hafi umráðendur þeirra ekki orðið við fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar um aðgerðir sem fyrir þá hafa verið lagðar.

Lauk hér þessari fyrstu vettvangsferð, en fyrirhugað er að fara í fleiri slíkar ferðir, fyrst og fremst til að byggingarnefndarmenn kynnist betur öllu því svæði sem erindi kunna að verða til umfjöllunar á eftir sameiningu byggingarnefndanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Hreiðar Hreiðarsson
Kristján Kjartansson
Hermann Jónsson

Klængur Stefánsson
Bragi Pálsson
Jósavin Gunnarsson